

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. nóvember 2024 í máli nr. 72/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 30. júní 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að sýna fram á fjártjón sitt og endurgreiða sóknaraðila mismuninn á greiðslu sóknaraðila og raunverulegs viðgerðarkostnaðar.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 3. júlí 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Staðfesti varnaraðili móttöku bréfsins 21. ágúst 2024. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekun.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af bókunarstaðfestingu milligönguaðila [...] um leiguna, afrit af leigusamningi ásamt leiguskilmálum, ástandsskýrsla bifreiðar, skilasamningur, staðfesting á endurgreiðslu varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila, tjónamat, mynd af tjóni og staðfesting á greiðslum sóknaraðila.

Með bréfi, dags. 6. nóvember 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið af varnaraðila, fyrir milligöngu þriðja aðila, dagana 12. til 17. október 2023. Á leigutímabilinu varð tjón á umræddri leigubifreið og að sögn sóknaraðila krafðist varnaraðili þess að sóknaraðili myndi þá þegar við skil á bifreiðinni greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 430.000 krónur eða 3.622,70 evrur. Greiddi sóknaraðili umkrafa fjárhæð þann 19. október 2023. Þann 24. október 2023 hafði varnaraðili samband við sóknaraðila og tjáði að samkvæmt tjónamati væri tjónakostnaður lægri en upphaflega hafi verið áætlað. Af þeim sökum endurgreiddi varnaraðili 1.192,63 evrur á reikning sóknaraðila. Sóknaraðili vísar til þess að umkrafinn viðgerðarkostnaður, 2.430,07 evrur, sé enn of hár. Sóknaraðili hafi óskað eftir afriti af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni en varnaraðili ekki orðið við þeirri beiðni. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að leggja fram reikning sem sýni raunverulegan viðgerðarkostnað og að varnaraðila verði jafnframt gert að endurgreiða sóknaraðila mismuninn á raunverulegu fjártjóni varnaraðila og þeirrar greiðslu sem sóknaraðili hefur þegar greitt.

IV

Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

V

Niðurstaða

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni, þ.e. hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili tók á leigu bifreið af gerðinni [...], hjá varnaraðila dagana 12. október til 17. október 2023. Á leigutímanum varð tjón á vinstri hlið bifreiðarinnar en að sögn sóknaraðila krafðist varnaraðili þess að sóknaraðili myndi þá þegar við skil á bifreiðinni greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 3.622,70 evrur. Greiddi sóknaraðili umkrafða greiðslufjárhæð til varnaraðila.

Með tölvupósti, dags. 24. október 2023, upplýsti varnaraðili sóknaraðila um niðurstöðu tjónamats [...]. Kom fram að viðgerðarkostnaður yrði í heild 2.245,52 evrur. Við það bættist gjald, svokallað „Damaged Vehicle Administration Fee“ samkvæmt skilmálum varnaraðila að fjárhæð 184,55 evrur. Í ljósi þess að sóknaraðili hafði þegar greitt varnaraðila 3.622,70 evrur endurgreiddi varnaraðili 1.192,63 evrur á reikning sóknaraðila. Sóknaraðili óskaði eftir endurmati á tjóni bifreiðarinnar í tölvupósti, dags. 12. nóvember 2023. Þann 12. janúar 2024 óskaði sóknaraðili síðan eftir afriti af reikningi vegna viðgerðar á bifreið [...] en í svari varnaraðila, dags. 16. janúar 2024, kom fram að viðgerð á bifreiðinni væri enn ekki lokið.

Í framlögðu tjónamati [...] vegna tjónsins, dags. 24. október 2023, kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð sé að fjárhæð 328.519 krónur. Í athugasemdum með tjónamatinu sagði eftirfarandi: „*Damage evaluation only. Repair has not been completed. It is unknown who will repair it or when the repair will be made. [...] After the door was damaged, it slightly started touching the left front fender, damaging the paint.*“

Sóknaraðili óskaði eftir gögnum og upplýsingum frá varnaraðila sem sýnt gætu fram á endanlegan viðgerðarkostnað. Í svörum varnaraðila frá því í janúar 2024 kom fram að ekki væri búið að gera við bifreiðina vegna biðtíma. Sóknaraðili kveðst enn ekki hafa fengið frekari gögn eða upplýsingar frá varnaraðila. Eins og fyrr greinir hefur varnaraðili ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og byggir niðurstaðan því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón

sitt og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni á meðan sóknaraðili hafði umráð hennar. Óumdeilt er að tjón varð á bifreiðinni þegar sóknaraðili var með hana á leigu. Stendur þá eftir hvort ráða megi með vissu af gögnum málsins hvert raunverulegt fjártjón varnaraðila er vegna skemmda á bifreiðinni.

Í málinu liggur ekkert fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í tjónamati fyrirtækisins [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni eða hvaða fjárhæð, ef önnur en greint er frá í matinu, hafi verið greidd af varnaraðila. Þá liggur ekkert fyrir um hvort viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni. Framlagning á fyrrgreindu tjónamati, sem varnaraðili aflaði einhliða, dugar að mati nefndarinnar ekki ein og sér til þess að sýna fram á að hvaða marki sóknaraðili hafi valdið varnaraðila fjárhagslegu tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi.

Er það mat kærunefndarinnar að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á bifreiðinni. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 2.245,52 evrur frá sóknaraðila. Sóknaraðili greiddi 3.622,70 evrur til varnaraðila vegna áætlaðs viðgerðarkostnaðar. Þar af var „Damaged Vehicle Administration Fee“ 184,55 evrur. Sóknaraðili hefur fengið endurgreiddar 1.192,63 evrur frá varnaraðila. Í grein 3.5.8 í skilmálum varnaraðila kemur fram að gjald, svokallað „Damaged Vehicle Administration Fee“, að fjárhæð 170 evrur verði tekið fyrir vinnu vegna tjónaðra ökutækja, þ.á m. samskipti við tryggingafélög og reikningagerð vegna viðgerðarkostnaðar. Ekki verður séð að framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr., sbr. 36. gr. a.-d. samningalaga nr. 7/1936. Ber sóknaraðila að greiða 170 evrur í samræmi við skilmála varnaraðila, enda er óumdeilt að bifreiðin varð fyrir tjóni á leigutíma.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu þess kostnaðar sem sóknaraðili hefur greitt umfram raunverulegt fjártjón varnaraðila, að frádregnu svokallaðs „Damaged Vehicle Administration Fee“ og fyrri endurgreiðslu varnaraðila. Ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila alls 2.260,07 evrur.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 2.260,07 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson